

Skólaráð Hörðuvallaskóla

1. fundur skólaársins 2017-2018, haldinn 31. ágúst 2017

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Heiðar Atlason, Marta Sigurjónsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Fundatími skólaráðs

Rætt um að breyta fundartíma til að tryggja betur þátttöku fulltrúa nemenda. Stefnt að hádegisfundum í vetur, skólastjórnendur skoða málið og senda tillögu á fulltrúa.

2. Stundaskrár og nemendafjöldi

Stundaskrár eru byggðar á sama tímaramma og sl ár nema að unglíngastig byrjar 8:10 í stað 8:15.

Töluverðar breytingar eru á töflum á unglíngastigi vegna breytts skipulags / vinnustunda nemenda.

Lestrarstundir komnar inn á stundatöflur í öllum árgöngum. Samstundum hefur verið fækkað á yngsta stigi en fjölgað á miðstigi. Við stundatöflugerð var lögð áhersla á að gera ráð fyrir ferðatíma í íþróttir og sund. Nemendur við skólann eru 910 við upphaf skólaárs sem er örlítið færri en búist var við.

3. Húsnæðismál

Enn er töluvert eftir við framkvæmdir við tengibyggingu milli kennslustofa á skólalóð við Baugakór og ljóst að þeim framkvæmdum lýkur ekki fyrr en seint í september. Stjórn Foreldrafélags skólans hefur unnið bréf sem sent verður til bæjaryfirvalda en þar er lýst áhyggjum af húsnæðismálum skólans til framtíðar en fyrirsjáanlegt þykir að fjölga muni í hverfinu umfram spár vegna nýbygginga sem eru í smíðum.

4. Námskynningar

Námskynningar verða með hefðbundnu sniði og raðast þannig niður að kynning verður 5. september hjá unglíngastigi, 12. september hjá 5.-7. og 2.-4. bekk og 14. september hjá 1. bekk. Tækifærið verður m.a. nýtt til að kynna breytt fyrirkomulag á námsmati og framsetningu kennsluáætlana.

5. Starfsáætlun Hörðuvallaskóla 2017-2018

Drög að starfsáætlun voru send út til nefndarmanna fyrir nokkru. Síðan hefur verið unnið nokkuð í plagginu þó að ekki sé um stórvægilegar breytingar að ræða. Stefnt að því að ljúka vinnu við áætlunina í næstu viku og senda hana þá út til lokayfirlestrar og afgreiða hana á næsta fundi skólaráðs.

Næsti fundur verður boðaður með tölvupósti þegar dagsetning liggur fyrir.